



Foreldra handbók

Knattspyrnudeildar

Starfsárið

2010-2011

Efnisyfirlit

INNGANGUR	3
HELSTU UPPLÝSINGAR	3
STJÓRN KNATTSPYRNUDEILDAR	3
<i>Helstu verkefni stjórnar knattspyrnudeildar eru:</i>	3
SKIPURIT STJÓRNAR KNATTSPYRNUDEILDAR.....	4
ÝMSAR NEFNDIR Á VEGUM STJÓRNAR KND	4
SJÁLFBODALIÐARNEFND	4
ATBURÐANEFND	4
BÚNINGA- OG VARNINGSNEFND.....	5
VIÐURKENNINGARNEFND	5
FJÁRÖFLUNARNEFND.....	5
KYNNINGARSTARFSEMI	5
MEISTARFLOKKS RÁÐ KARLA	5
MEISTARAFLOKKS RÁÐ KVENNA	6
BARNA- OG UNGLINGARÁÐ (BUR)	7
HELSTU VERKEFNI BARNA- OG UNGLINGARÁÐ (BUR)	8
FORELDRARÁÐ FJÖLNIS	9
<i>Helstu verkefni foreldraráða:</i>	9
LIÐSTJÓRAR OG NÆTURVERÐIR	10
<i>Hlutverk liðstjóra:</i>	10
<i>Hlutverk næturvarða:</i>	10
FJÁRAFLANIR Í FLOKKUM.....	10
<i>Viðmiðunarreglur vegna fjáraflana á vegum knd Fjölnis:</i>	11
FERÐIR	11
<i>Ferðir innanlands</i>	11
<i>Ferðir utanlands</i>	11
ÆFINGARGJÖLD	11
LEIKMANNA OG FORELDRASAMNINGUR.....	12
NEYSLA TÓBAKS OG VÍMUEFNA.....	12
JAFNRETTISTEFNA KNATTSPYRNUDEILDAR	12
STJÓRN OG RÁÐ KNATTSPYRNUDEILDAR FJÖLNIS STARFSÁRIÐ 2010-2011	14

INNGANGUR

Stjórn knattspyrnudeildar Fjölnis tók þá ákvörðun í mars 2010 að koma í notkun handbók deildarinnar sem yrði síðan uppfærð árlega. Markmiðið með útgáfu handbókarinnar er að foreldrar, iðkendur og starfsmenn félagsins hafi á einum stað helstu upplýsingar um starfið í deildinni. Það er von stjórnar knd. að handbókin muni koma að góðum notum og verði á komandi árum n.k. leiðarvísir um það starf sem fram fer innan okkar viðamiklu deildar. Í þessari fyrstu útgáfu tók stjórnin þá ákvörðun að birta bara þann hluta sem fyrst og fremst beinist að foreldrum iðkenda. Vonar stjórnin að þessi útgáfa komi sér vel núna þegar nýtt starfsár er að hefjast og foreldrafélögin eru að komast á fullt. Ítarlegri útgáfa er í vinnslu og ætti hún að vera tilbúinn til birtingar á heimasíðu félagsins strax í byrjun árs 2011.

Ýmsir aðilar hafa veitt Ástu Björk Matthíasdóttur og Bjarna Logasyni ritstjórum þessarar fyrstu handbókar lið og kann stjórn knd. þeim bestu þakkir fyrir.

HELSTU UPPLÝSINGAR

Skrifstofa Fjölnis er í Egilshöll, Fossaleyni 1, 112 Grafarvogi. Starfsfólk á skrifstofu veitir allar helstu upplýsingar um æfingatíma, þjálfara og æfingargjöld. Þar er einnig hægt að skrá iðkendur í alla flokka og á námskeið á vegum félagsins. Á heimasíðu félagsins www.fjolnir.is, má nálgast allar frekari upplýsingar um starfsemi flokka og deilda.

Stjórn Knattspyrnudeildar


Knattspyrnudeild er ein af mörgum deildum Fjölnis. Æðsta vald Fjölnis milli félagsfunda er í höndum stjórnar félagsins (aðalstjórn) og starfar framkvæmdastjóri félagsins í umboði aðalstjórnar. Aðeins formaður Fjölnis og framkvæmdastjóri fara með prókúruumboð fyrir félagið á hverjum tíma og því þarf undirritun annars hvors þessara aðila á alla samninga sem gerðir eru fyrir félagið í heild eða einstakar deildir. Í stjórn knattspyrnudeildar á sæti einn fulltrúi frá hverri af þremur rekstrareiningum deildarinnar, þ.e. fulltrúar frá meistaraflokksráði karla, meistaraflokksráði kvenna og barna og unglingaráði.

Stjórnin samanstendur af formanni, varaformanni, gjaldkera og meðstjórnendum en almennt er miðað við að formaður og gjaldkeri sinni fyrst og fremst knattspyrnudeildinni sem heild.

Helstu verkefni stjórnar knattspyrnudeildar eru:

- Þátttaka í mótun uppeldis- og afreksstefnu.
- Þátttaka í fjáröflun knattspyrnudeildarinnar.
- Önnur stefnumarkandi mál.
- Stuðningur í faglegum þáttum.
- Virkja foreldra og sjálboðaliða í félagsstarfið.
- Veita aðhald og ábyrgð á rekstri deildarinnar.

Skipurit stjórnar knattspyrnudeildar



ÝMSAR NEFNDIR Á VEGUM STJÓRNAR KND

Sjálfboðaliðarnefnd

Nefndin sér til þess að ávallt séu skilgreind verkefni sem sjálfboðaliðar geti sinnt og komið að.

Atburðanefnd

Nefndin gerir tillögur til stjórnar knattspyrnudeildar að uppákomum fyrir iðkendur knattspyrnudeildar Fjölnis, þjálfara, stjórnar- og nefndarmenn. Nefndin sér um skipulagningu og framkvæmd á þeim atburðum sem eru á vegum knattspyrnudeildar, gera kostnaðaráætlun og fá sjálfboðaliða til að starfa á uppákomunum.

Nefndin sér um atburði eins:

- Herrakvöld Fjölnis.
- Lokahóf yngri flokka.
- Lokahóf meistaraflokka.
- Fjölnis- og innheimtudag.

Búninga- og varningsnefnd

Nefndin sinnir búningamálum deildarinnar, metur þarfir og kemur með tillögur til stjórnar knattspyrnudeildar. Fylgir eftir góðri umhirðu um búninga félagsins, þrif og geymslu.

Nefndin sér um að samræma vöru framboð sem er til sölu vegna fjáröflunnar deildarinnar. Nefndin sér um að fá hverju sinni bestu verð og gæði og passa að hagur deildarinnar sé ávallt í fyrirrúmi. Nefndin má ekki skuldabinda félagið á einn eða annan hátt fjárhagslega nema með leyfi stjórnar knattspyrnudeildar og framkvæmdastjóra félagsins. Framkvæmdastjóri félagsins og stjórn kn. munu ávallt taka lokaávröðun.

Viðurkenningarnefnd

Nefndin safnar saman ábendingum um viðurkenningar og tekur saman tillögur handa stjórn. Nefndin sér um að halda utan um alla Íslandsmeistararitla innan deildarinnar og veita viðurkenningar.

Fjáröflunarnefnd

Nefndin sér um að halda utan um fjáraflanir sem félaginu berast og vera ávallt vakandi fyrir nýjum fjáröflunarleiðum fyrir félagið. Nefndin sér um að deila niður á flokka fjáröflunum fyrir mótakostnaði í samráð við foreldrafélögin.

KYNNINGARSTARFSEMI

Markaðs- og kynningarnefnd.

Nefndin vinnur í markaðs- og kynningarmálum undir stjórn knattspyrnudeildar.

Meðal verkefna eru; uppfæra heimasíðu deildarinnar, eiga samskipti við foreldra, þjálfara og aðra vegna mynda og fréttu af starfi yngri flokka. Uppfæra og afla fréttu af meistaraflokkum og 2 fl karla og kvenna. Halda úti rafrænu fréttabréfi, samskipti við Grafarvogsblaðið, og nýta aðra miðla í þágu deildarinnar.

Ekki má nota merki félagsins til tekjuöflunar nema með skriflegu leyfi frá stjórn knattspyrnudeildar.

MEISTARFLOKKS RÁÐ KARLA

Meistaraflokksráð karla hefur umsjón með kappleikjum, bæði hvað varðar leikmenn, þjálfara og ytri aðstæður. Ráðið gerir tillögur að úrbótum og starfi meistaraflokks karla. Meistaraflokksráð kemur með tillögur að leikmönnum og samningum, en stjórn knattspyrnudeildar fer þó alfarið með ákvörðunarvald varðandi laun leikmanna. Ráðið skal jafnframt tryggja að fullnægjandi umgjörð sé í kringum lið 2 fl. KK og Björninn en getur þó komið á fót sérstökum ráðum sem tækju að sér verkefni er snúa að þessum liðum.

Önnur helstu verkefni ráðsins eru:

- Fjáröflun fyrir meistaraflokk karla.
- Umsjón með skiltamálum.
- Umsjón með æfinga- og keppnisferðum.
- Útgáfa leikskráa.
- Stuðningsmannanefnd.
- Getraunanefnd.
- Vallar- og heimaleikjanefnd.
- Samskipti og ráðning öryggistjóra.
- Dómaranefnd.
- Fjölmíðlafulltrúi.

Formaður meistaraflokks ráðs karla

Formaðurinn er tengiliður mfl. ráðs og stjórnar knattspyrnudeildar og situr þ.a.l. jafnframt í stjórn kn.

Nefndir á vegum meistaraflokksráðs karla

Heimaleikjanefnd

Nefndin gerir tillögur til úrbóta á vallarsvæðum og skipuleggur viðhaldsáætlanir í samráði við vallarstjóra. Undirbýr vallarsvæði fyrir heimaleiki og auglýsir leiki í hverfinu. Hafa yfirumsjón með fjölmíðlafulltrúa, öryggistjóra, veitingastjóra og gæslumönnum. Samræmir störf sín með sambærilegri nefnd hjá mfl. KVK.

Stuðningsmannanefnd

Nefndin heldur utan um stuðningsmenn og styrktaraðila. Skipuleggur fyrir leiki atburði m.a. að bjóða styrkaraðilum og stuðningsmönnum á völinn til að efla stemmningu fyrir heimaleiki. Eflir stuðningsmannaklúbba, annarsvegar árskortshafa og hins vegar stuðningsklúbba líkt og Káramenn.

Getraunanefnd

Nefndin heldur utan um getraunastarf á vegum deildarinnar og setur markmið um tekjuöflun af starfinu. Skipuleggur m.a. dagskrá á laugardögum yfir vetrartímann þar sem stefnt skal að því að sem flestir Fjölnismenn hittist.

MEISTARAFLOKKSRAÐ KVENNA

Meistaraflokksráð kvenna hefur umsjón með kappleikjum, bæði hvað varðar leikmenn, þjálfara og ytri aðstæður. Nefndin gerir tillögur að úrbótum og starfi meistaraflokksins. Meistaraflokksráð má koma með tillögur að leikmönnum og samningum, en aðalstjórn fer þó alfarið með ákvörðunarvald varðandi samninga leikmanna. Ráðið skal jafnframt tryggja að fullnægjandi umgjörð sé í kringum lið 2 fl. KVK en getur þó komið á fót sérstöku ráði sem tæki að sér verkefni er snúa að þeim flokk.

Önnur helstu verkefni ráðsins eru:

- Fjáröflun fyrir flokkinn.
- Samskipti við sjúkraþjálfara - lækni.
- Umsjón með æfinga- og keppnisferðum.
- Umsjón með skiltamálum.
- Útgáfa leikskráa.
- Stuðningsmannanefnd.
- Vallar- og heimaleikjanefnd.

Formaður meistarfl. ráðs kvenna

Formaðurinn er tengiliður mfl. ráðs og stjórnar knattspyrnudeildar og situr þ.a.l jafnframt í stjórn kn.

Nefndir á vegum meistaraflokksráðs kvenna

Vallar- og heimaleikjanefnd

Nefndin gerir tillögur til úrbóta á vallarsvæðum og skipuleggur viðhaldsáætlanir í samráði við vallarstjóra. Undirbýr vallarsvæði fyrir heimaleiki og auglýsir leiki. Samræmir störf sín með sambærilegri nefnd hjá mfl. KK.

Stuðningsmannanefnd

Nefndin heldur utan um stuðningsmenn og styrktaraðila. Skipuleggur fyrir leiki atburði til að bjóða styrkaraðilum og eflir stuðningsmannaklúbba, annarsvegar árskortshafa og hins vegar stuðningsklúbba.

BARNA- OG UNGLINGARÁÐ (BUR)

Tilgangur

Tilgangur Barna- og unglingsstarfs kn. (BUR) er að standa að traustu og kraftmiklu uppbyggingarstarfi þar sem iðkendum fá tækifæri til auka líkamlegt og andlegt atgervi sitt í jákvæðu og uppbyggilegu umhverfi. Iðkendum skal gert kleift að sinna íþróttinni í samræmi við getu og áhuga sinn. Auk almenns uppbyggingarstarfs er það jafnframt markmið knattspyrnudeildar að búa til framtíðar leikmenn í meistaraflokka félagsins auk dómara og almennra Fjölnismanna sem haldið geta öflugum starfi deildarinnar gangandi um ókomna tíð. Þjálfun og uppbygging í yngri flokkum skal taka mið af þessari stefnu stjórnar kn. og felur það m.a. í sér að leikmenn sem skara fram úr munu fá verkefni við sitt hæfi og deildin mun standa fyrir afþreksþjálfun fyrir framúrskarandi iðkendum frá og með 4. flokki karla og kvenna.

Stjórn Barna- og unglingsráðs kn. (BUR) hefur yfirumsjón með málefnum barna og unglinga þ.e. 3.flokk og yngri. Starfsemi barna- og unglingsflokka er sérstök rekstrareining innan knattspyrnudeildar og gerð upp sjálfstætt í uppgjöri deildarinnar. Stjórn BUR hefur ekki heimild til að þess að skuldbinda knattspyrnudeildina á nokkurn hátt fjárhagslega og allar ákvarðanir er

snerta útgjöld og tekjuafnanir skulu unnar í náinni samvinnu við framkvæmdastjóra félagsins og stjórn knð.

Stjórn barna- og unglingaráðs skipa 3-5 aðilar; Formaður, varaformaður og meðstjórnendur. Formaður BUR á sæti í stjórn knattspyrnudeildar og myndar þar með tengsl á milli stjórnar knð og BUR. Stjórn BUR skal halda að jafnaði fund í hverjum mánuði og skal fundargerðum skilað til stjórnar knð. Stjórn BUR skal funda a.m.k. tvisvar sinnum á hverju starfsári með formönnum allra foreldraráða yngra flokka félagsins. Til þess að tryggja sem best upplýsingaflæði milli stjórnar BUR og foreldraráða skulu formenn allra foreldraráða eiga seturétt á fundum stjórnar BUR og skal þeim ávallt send fundarboð a.m.k. þremur dögum fyrir fund.

Helstu verkefni Barna- og unglingaráð (BUR)

- BUR heldur utan um starfsemi yngri flokka Fjölris (3. - 8. fl. drengja og stúlkna) í samráði við stjórn knattspyrnudeildar og framkvæmdastjóra, en stjórn knattspyrnudeildar hefur æðsta ákvörðunarvald innan knattspyrnudeildar Fjölris.
- BUR stuðlar að markvissri uppbyggingu á knattspyrnu barna og unglina á vegum Fjölris, tryggir jafnræði í starfi stúlkna- og drengjaflokka hjá Fjölni, skipuleggur starfið og skilgreinir markmið þess og mótar þannig heildarstefnu sem hægt er að vinna skipulega eftir. Þessi stefnumótunarvinna þarf samþykki stjórnar knattspyrnudeildar til þess að hún taki formlega gildi.
- BUR hefur að leiðarljósi stefnuýfirlýsingu ÍSÍ um íþróttir barna og unglina.
- BUR er upplýsingaskyld gagnvart stjórn knattspyrnudeildar Fjölris.
- BUR mun ávallt stuðla af fremsta megni að skapa jákvæða ímynd barna og unglina knattspyrnu á vegum Fjölris, bæði í drengja og stúlknaflokkum, og stuðla að drengskap iðkenda, jafnrétti, vináttu og umburðarlyndi við náungann.
- BUR setur skriflegar reglur um framkomu og umgengni leikmanna á æfingum, í leikjum, keppnisferðum og gagnvart félaginu í samráði við yfirþjálfara og stjórn. Séu þær reglur brotnar skal stjórn barna- og unglingaráðs veita viðkomandi iðkanda áminningu, en endanleg ákvörðun um framhaldið er í höndum stjórnar knattspyrnudeildar Fjölris.
- Komi upp óleysanlegur ágreiningur á milli BUR og foreldraráðs og/eða þjálfara, skal stjórn knattspyrnudeildar Fjölris skera úr um málið.
- **BUR samþykkir og hefur yfirumsjón með fjáröflunum yngri flokka knattspyrnudeildar, heldur lista yfir allar fjáraflanir flokka og skilar honum í árslok til stjórnar knattspyrnudeildar félagsins. BUR vinnur þetta í samráði við yfirþjálfara og foreldraráð yngri flokkana.**
- BUR veitir yngri flokkum heimild til keppnisferða og hefur umsjón með öllum keppnisferðum yngri flokka félagsins utan Íslandsmóts, innanlands sem utan. Foreldraráð flokksins skal sækja um heimild til ferðarinnar til BUR tímanlega. BUR fer yfir drög að skipulagi og aðstoðar við skipulagningu slíkra ferða í samráði við starfsmenn á skrifstofu Fjölris.
- BUR fylgir eftir og kynnir vímu- og tóbaksvarnastefnu Fjölris í öllum flokkum.
- BUR kemur að ráðningaferli þjálfara fyrir yngri flokka félagsins þó endanleg ákvörðun í þeim efnum sé í höndum stjórnar knð. Almenn skal ráðinn aðstoðarþjálfari í hvern flokk fari iðkendafjöldi yfir 20 og einn aðstoðarmann til viðbótar fyrir hverja 20-25 iðkendur þar á eftir.

- BUR skal funda með foreldraráðum allra yngri flokka a.m.k. tvisvar sinnum á ári þar sem farið er yfir starfið, þar af einu sinni í upphafi starfsársins.
- **BUR skipuleggur uppskeruhátið yngri flokka í samráði við foreldraráð, yfirþjálfara, þjálfara flokka og stjórn knð.**
- BUR sér til þess í samráði við yfirþjálfara að í lok tímabils skili þjálfarar stuttri skriflegri samantekt um mat á árangri og framförum flokksins.

Foreldraráð Fjöltnis

Allir foreldrar geta lagt sitt af mörkum við að gera gott íþróttastarf betra. Stjórn Knattspyrnudeildar Fjöltnis hvetur alla foreldra til að koma á einhvern hátt að íþróttaiðkun barna sinna. Foreldrar geta tekið þátt í starfinu með ýmsu móti. Foreldraráð eru starfandi fyrir hvern árgang og sjá þau um að halda utan um starf hvers flokks í samráði við þjálfara og BUR.

Á hverju hausti (1. október – 1. nóvember) er haldin foreldrafundur í hverjum flokki, þar sem þjálfari kynnir sig og gerir grein fyrir vinnutilhögun sinni, almennt er farið yfir starf flokksins og kosið í foreldraráð.

Einnig skal kjósa foreldra í búningaumsjón og fjáröflun á fyrsta foreldrafundi í þeim flokkum sem við á. Foreldraráð sömu árganga á síðasta keppnistímabili ásamt þjálfara skulu boða til fundarins. Að jafnaði skulu fimm foreldrar skipa foreldraráð, tveir foreldrar iðkenda af yngra ári og tveir foreldrar iðkenda af eldra ári, auk formanns. Foreldraráð heyrir undir stjórn BUR Fjöltnis og hefur formaður hvers foreldraráðs seturétt á stjórnarfundum BUR.

Helstu verkefni foreldraráða:

- Vera tengiliður foreldra viðkomandi flokks við BUR.
- Skila kostnaðaráætlun vegna keppnis- og æfingarferða viðkomandi flokks til BUR í upphafi tímabils og lokauppgjöri flokksins í lok tímabils.
- Halda utan um fjármál viðkomandi flokks í samstarfi við skrifstofu félagsins. Allir bankareikningar flokkana eru stofnaðir af skrifstofu félagsins.
- Sinna mikilvægum verkefnum við undirbúning leikja, funda, keppnisferða, fjáraflana og annarra verkefna þar að lútandi fyrir viðkomandi flokk í samráði við BUR.
- Koma með hugmyndir af fjáröflunum og leggja fram fyrir BUR til samþykkis.
- Upplýsa foreldra um þær fjáraflanir og starfsemi sem í gangi er hverju sinni, m.a. með foreldrafundum í samvinnu við þjálfara flokksins.
- Stuðla að jákvæðu og uppbyggilegu starfi yngri flokka knð Fjöltnis.
- Leggja áherslu á að foreldrar hvetji börnin á jákvæðan og uppbyggilegan hátt í starfi og leik og bendi þeim á mikilvægi þess að þeir sækji kappleiki þá sem börn þeirra taka þátt í eftir fremsta megni.
- Hafa umsjón með myndatökum og að koma efni á heimasíðu knattspyrnudeildar Fjöltnis.
- Safna upplýsingum um netföng foreldra eða forráðamanna leikmanna flokksins og skilar slíkum lista til framkvæmdastjóra félagsins og stjórnar BUR
- Hafa eftirlit með störfum þjálfara og veita þeim það aðhald sem þurfa þykir. Þetta á t.d. við um stundvísi, viðveru á æfingum, viðveru á leikjum og mótum.

Liðstjórar og næturverðir

Þegar farið er á mót er nauðsynlegt að tilgreina ákveðin liðstjóra og næturvörð fyrir hvert lið. Liðstjóri er með yfirumsjón með sínu liði á daginn en næturvörðurinn er ábyrgður fyrir liðinu á kvöldin og næturnar.

Hlutverk liðstjóra:

- Hverju liði fylgir einn fastur liðsstjóri.
- Liðsstjóri tekur við liði á morgnana strax eftir morgunmat.
- Sjá um að lið mæti í leiki á réttum tíma á réttum velli.
- Sjá um að lið mæti í mat á réttum tíma.
- Sjá um að lið sé tilbúið til leiks s.s. með upphitun og úthlutun á búningum.
- Sjá um vatnsbrúsa fyrir sitt lið.
- Sjá um að fatnaður leikmanna sé á vísnum stað á milli leikja og á meðan á leikjum stendur.
- Passa upp á að leikmenn borði á réttum tíma.
- Liðsstjórar passi upp á að lið séu ekki eftirlitslaus.
- Liðsstjórum er ætlað að halda varamönnum á sínum stað á meðan á leik stendur.
- Geta þurft að "stjórna" liðinu í leik, skv. fyrirmælum þjálfara.
- Liðsstjóri afhendir lið í hendur næturvarða kl. 20.00 að kvöldi.
- Liðstjóri útvegar áhugasömum foreldrum/forráðamönnum verkefni á meðan á móti stendur. T.d. búa til samlokur, koma með drykki á staðinn, leysa liðstjóra af o.fl.
- Liðstjóri er með símanúmer foreldra/forráðamanna leikmanna til að láta þá vita ef þörf krefur.
- Liðstjóri upplýsir foreldra/forráðamenn um að óheimilt er að taka leikmann tímabundið frá hópnum án samþykkis hans.
- Liðstjóri sér um að efla íþróttaandann sínu liði með jákvæðu hugarfari.
- Liðstjórar skulu sjá til þess að leikmaður komi fram fyrir hönd Fjölni með stolti og virðingu, sé ávallt Fjölni til sóma.
- Liðstjóri má ekki neyta tóbaks eða vímuefna á meðan hann er á vakt með liðið.

Hlutverk næturvarða:

- Hverju liði fylgja fastir næturverðir (ekki þeir sömu og liðsstjórar).
- Næturverðir taka við liðum kl. 20.00 að kvöldi af liðsstjórum.
- Sjá um að leikmenn fylgi þeim reglum sem eru í húsnæðinu.
- Sjá um að gefa þeim kvöldhressingu ef þörf er á.
- Sjá um að öll lið fari að sofa á réttum tíma.
- Tryggja að ró og agi sé í svefnrými eftir kl. 22.00.
- Næturverðir gista í sama rými og leikmenn.
- Næturverðir fylgja liðum í morgunmat og afhenda þau eftir morgunmat til liðstjóra.

Fjárafilanir í flokkum

Æskilegt er að foreldraráð bjóði upp á fjárafilanir til að létta iðkendum kostnað vegna keppnisferða. Foreldraráð fær úthlutað fjáröflunum í samræmi við umfang og kostnað móta frá fjáröflunarnefndinni og BUR. Þó er leyfilegt að fá auglýsingar á fatnað til að niðurgreiða

viðkomandi fatnað. Ávallt skal þó hafa samband við formann BUR og fá leyfi svo tryggt sé að ekki verði árekstur við hagsmuni deildarinnar.

Viðmiðunarreglur vegna fjáraflana á vegum knd Fjöltnis:

- Allar fjáraflanir á vegum Fjöltni eru gerðar með vitund og samþykki BUR.
- Hámarks fjáröflunarupphæð fyrir hvert keppnistímabil er 100% af áætluðum kostnaði sem fellur til vegna keppnis- og æfingarferða.
- Hvert keppnistímabil skal gert upp að lokinni síðustu keppni. Ekki er ætlast til að að afgangur sé af söfnunarfé, heldur skal foreldraráð skila hverjum flokki á núlli.
- Foreldraráð skal skila uppgjöri fyrir sinn flokk til BUR í síðasta lagi í lok september ár hvert.

Foreldrafélögum er óheimilt að stofna bankabækur/reikninga í nafni Fjöltnis eða viðkomandi deilda, heldur skal slíkt gert í samráði við skrifstofu Fjöltnis og formann BUR.

Ferðir

Ferðir innanlands

Þjálfarari skal sjá um skipulag ferða í samvinnu við foreldrafélag flokkana, ásamt skrifstofu félagsins. Skrifstofa félagsins skal sjá um að panta rútu. Iðkendir sjálfir sjá um að greiða hluta í rúttunni á móti skrifstofu félagsins. BUR mun sjá um að útvega fjáröflunarleiðir til að niðurgreiða kostnað vegna ferða á mót á vegum félagsins.

Komi upp agavandamál eða brot á reglum félagsins er þjálfara og liðstjóra heimilt að hafa samband við forráðamenn iðkandann og senda hann heim á kostnað þeirra.

Ferðir utanlands

Þjálfari skal sjá um að skipuleggja ferð í samvinnu við yfirþjálfara félagsins, foreldrafélag viðkomandi flokks og BUR. Kostnaðaráætlun vegna ferðar skal vinna að hausti og skilað til BUR eigi síðan en 8 mánuðum fyrir fyrirhugaða ferð. BUR mun sjá um að útvega fjáröflunarverkefni til að mæta áætluðum kostnaði við ferðina. Komi upp agavandamál eða brot á reglum félagsins, er þjálfara og liðstjóra heimilt að hafa samband við forráðamann iðkanda og senda hann heim á kostnað þeirra.

Æfingargjöld

Æfingargjöld fyrir allt árið skal ávallt greiða í byrjun árs. Fyrir þá iðkendir sem kjósa að æfa hluta úr ári er hægt að greiða sérstaklega fyrir sumar-, vor- og vetraræfingar. Iðkendir þurfa að vera búnir að gera upp æfingargjöldin áður en mætt er á fyrstu æfingu. Allir nýjrir iðkendir eiga rétt á að hætta og fá að fullu endurgreitt hafi þeir ekki áhuga eftir 3 æfingar.

Ef barn æfir fleiri en eina íþróttagrein hjá Fjöltni fæst 10% millideilda afsláttur. Greitt er fullt gjald hjá báðum/öllum deildum og mun svo skrifstofan endurgreiða 10% af andvirði beggja/allra gjalda. Forráðamenn iðkenda verður að sækja sjálfur um þessa endugreiðslu á skrifstofu félagsins með því að framvísa fullnaðar kvittunum.

Leikmanna og foreldrasamningur

Stjórn knattspyrnudeildar hefur ákveðið að allir iðkendur, forráðamenn/foreldrar og þjálfarar geri með sér samning sem undirritaður er í upphafi árs um leið og æfingargjöld eru greidd.

Neysla tóbaks og vímuefna

Knattspyrnudeildin er andvíg allri neyslu tóbaks, munntóbaks og vímuefna allra iðkenda og annarra félagsmanna sem koma að starfi á vegum deildarinnar. **Öll neysla tóbaks og vímuefna er bönnuð í tengslum við æfingar og keppni á vegum deildarinnar. Einnig er öll meðferð tóbaks, munntóbaks og vímuefna stranglega bönnuð á félagssvæði Fjölnis.**

JAFNRETTISTEFNA KNATTSPYRNUDEILDAR

Stefna knattspyrnudeildar Fjölnis í málum jafnréttis kynja, kynþátta, fordóma og eineltis

Jafnrétti kynja og kynþátta

Allir einstaklingar innan knattspyrnudeildar Fjölnis skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kynferði eða kynþætti. Til að stuðla að jafnrétti kynja og kynþátta leggur knattspyrnudeild Fjölnis áherslu á.

- Að jafnréttissjónarmiða sé gætt í hvívetna í starfi deildarinnar og að hvers kyns kynja- eða kynþáttamismunum verði ekki liðin.
- Að veita báðum kynjum tækifæri á að æfa jafn mikið og jafn oft og gera engan greinarmun á drengja- og stúlknaflokkum við útteilingu æfingartíma.
- Að hafa vel menntaða og hæfa þjálfara í öllum flokkum. Gerðar eru sömu ráðningarkröfur til þjálfara drengja- og stúlknaflokka. Sömu laun eru greidd fyrir sambærilega vinnu karla og kvennaflokka.
- Að iðkendur, félagsmenn og starfsmenn hafi ekki uppi orð eða athafnir sem líta má á sem kynja- eða kynþáttamisrétti gagnvart öðrum, hvort sem um ræðir einstaklinga eða hópa innan eða utan félagsins. Áhersla er lögð á að iðkendur og aðrir félagsmenn geri ekki athugasemdir við litarhátt, talsmáta eða annað í fari iðkenda, ættingja þeirra eða keppinauta sem skilja má sem særandi athugasemd um uppruna þeirra.
- Að iðkendur og aðrir félagsmenn séu meðvitaðir um menningarmun, hugsanlega vanþekkingu innflytjenda á íslenskum aðstæðum og úrræðaleyfi gagnvart þeim.
- Að iðkendur og aðrir félagsmenn leggi sig fram um að aðstoða innflytjendur við aðlögun að félagsstarfi knattspyrnudeildar.

Fordómar

Fordómar eru þegar einhver er áreittur, útilokaður, sniðgengin(n) eða mismunað vegna útlits, uppruna, kynþáttar, litarháttar, kynferðis, kynhneigðar, skoðana, trúar, fötlunar, efnahags eða annarra aðstæðna.

Til að koma í veg fyrir fordóma hvetur Fjölirnir sína iðkendur til að.

- Taka ekki undir með þeim sem lætur í ljós fordóma.
- Biðja gerandann um að setja sig í spor þess sem hann fordæmir.
- Fræða gerandann.
- Koma fram við aðra eins og við viljum að það sé komið fram við okkur.
- Muna að þeir standa ekki einir ef þeir verða sjálfir fyrir fordómum. Best er að reyna að finna einhvern sem stendur með sér, veitir stuðning og hægt er að tala við. Það geta verið vinir, foreldrar eða þjálfarinn, einhver sem má treysta.

Einelti

Einelti er að ofsækja einhvern með endurtekinni stríðni, illkvittni og uppnefnum eða með ógnandi, árásargjarnri framkomu og útilokun frá félagsskap.

Til að koma í veg fyrir einelti hvetur Fjölirnir sína iðkendur til að.

- Taka ekki þátt í eineltinu.
- Biðja gerandann að setja sig í spor þess sem hann leggur í einelti.
- Sýna þeim sem verður fyrir eineltinu stuðning með því að ganga til liðs við hann/hana og mótmæla svona framkomu.
- Koma fram við aðra eins og við viljum að það sé komið fram við okkur.
- Muna að aðgerðarleysi frammi fyrir einelti má túlka þannig að eineltið sé samþykkt.
- Muna að þeir standa ekki einir ef þeir verða sjálfir fyrir einelti. Best er að reyna að finna einhvern sem stendur með sér, veitir stuðning og hægt er að tala við. Það geta verið vinir, foreldrar eða þjálfarinn, einhver sem má treysta.

**STJÓRN OG RÁÐ KNATTSPYRNUDEILDAR FJÖLNIS STARFSÁRIÐ
2010-2011**

Stjórn knattspyrnudeildar

Kristján Einarsson, formaður
Kári Arnórsson, varaformaður
Ásta Björk Matthíasdóttir, gjaldkeri
Helgi Þór Jóhannsson, unglingaráð
Ingi Þór Finnsson, meistarfl. ráð karla
Kristrún Jónsdóttir, barnaráð
Ragnar Guðgeirsson, meistarafll. ráð kvenna
Stefán Örn Kárason
Árni Hermannsson
Bjarni Þór Logason
Bogi Nils Bogason

Meistaraflokksráð karla

Ingi Þór Finnsson formaður
Árni Hermannsson
Bjarni Þór Logason
Einar Hermannsson
Guðni Þórisson
Kári Arnórsson
Stefán Örn Kárason

Meistaraflokksráð kvenna

Ragnar Þórir Guðgeirsson formaður
Bogi Nils Bogason gjaldkeri
Atli Þór Þorvaldsson
Eyjólfur Ingi Hilmarsson
Guðlaugur Guðjónsson